# Ágúst F. Petersen að Kjarvalsstöðum

**Ágúst F. Petersen, listmálari opnaði málverkasýningu á Kjarvalsstöðum, vestursal, á laugardaginn kl. 15.00.**

**Ágúst F. Petersen er í hópi okkar þekktustu málara.**

**Blaðið átti örstutt spjall við listamanninn og hafði hann þetta að segja um sýninguna:**

## Um 140 myndir af ýmsum stærðum

— Ég er með 130-140 myndir, hefi svona verið að sanka þessu að mér, en ég er ekki alveg búinn að hengja upp þannig að það liggur ekki fyrir hversu margar myndirnar verða.


— Ég sýndi síðast á einkasýningu í Reykjavík árið 1975, en það var í Norræna húsinu, en ég hefi verið með myndir á samsýningum, eins og alltaf.

Viðfangsefnin eru hin sömu, Landið og maðurinn, og svo er ég með portret af ýmsum merkilegum mönnum, en ég hefi verið að glíma við andlitsmyndir, með þó dálitið öðrum markmiðum en oft ráða á portret-myndum.

Sumar hafa verið sýndar áður, en aðrar eru nýjar af nálinni.

— Af öðrum myndum er það að segja að þær eru frá ýmsum stöðum á landinu.

Sýningin opnar á laugardaginn kemur, en henni lýkur svo 15. október næstkomandi. jg



Hringur Jóhannesson, listmálari og Guðmundur Benediktsson, myndhöggvari aðstoðuðu Ágúst Petersen við uppröðun á sýningunni. Tímamynd Róbert


HÚSGÖGN


SÍÐUMÚLA 30 · SÍMI: 86822

Býður allt það besta í húsgögnum,

til dæmis

neðangreind

sófasett og stóla:



COSY leðurstólarnir vinsælu



JUPITER sett hinna vandlátu með tau eða leðuráklæði.




T.M. sófasettið fallegt og stílhreint.



AMIGO með leðri eða tauáklæði eftir vali.

*Auk þess að framleiða og selja stöðluð húsgögn reynum við að verða við óskum fólks um sérkröfur er varða breytingar*



HÚSGÖGN

SÍÐUMÚLA 30 · SÍMI: 86822